

Heimir Freyr van der Feest Viðarsson

Þáttur málstöðlunar í afstöðu sagnar til neitunar í 19. aldar íslensku

„málsgreinir, sem mjer fannst eitthvert
danskt óbragð að“

1 Inngangur

Á nítjándu öld reið yfir Evrópu málstöðlunarhrina sem venjulega er rakin til pólitísku umróts í álfunni og er talin nátengd þjóðernisstefnu sem átti vaxandi fylgi að fagna (sjá t.d. Kjartan G. Ottósson 1990, Leerssen 1999).¹ Í íslensku samhengi hefur fyrri hluta aldarinnar verið lýst sem „gullöld málhreinsunar“ með aukinni áherslu á formgerðarlega þætti þegar líða tók á öldina (sbr. Kjartan G. Ottósson 1990:50).

¹ Greinin er byggð á erindi á 25th Scandinavian Conference of Linguistics, 13.–15. maí 2013, fluttu á málstofunni *Foundations of Language Standardization*. Ég þakka þátttakendum í málstofunni og ónafngreindum ritrýnendum gagnlegar athugasemdir. Rannsóknin er hluti af doktorsverkefni mínu innan verkefnisins *Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals* sem unnið er í samstarfi fræðimanna við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Háskóla Íslands, Uppsalaháskóla og Vrije Universiteit Brussel. Verkefnið hefur hlotið styrk úr Rannsóknarsjóði og Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands.

Orð og tunga 16 (2014), 1–24. © Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík.

Thomason (2001:9) telur jafnvel þátt málstöðlunar í því að íslenska hafi breyst fremur lítið ekki síður veigamikinn en meinta einangrun málsins, sem hún dregur í efa. Sjaldnast búa þó ítarlegar rannsóknir á málnotkun að baki slíkum staðhæfingum.

Í þessari grein verður sjónum beint að setningafræðilegu atriði sem fyrst er nefnt í ritdómi Konráðs Gíslasonar í 7. árg. Fjölnis og felst í afstöðu sagnar í persónuhætti til neitunar í aukasetningum. Þar amast Konráð við neitun á undan persónubeygðri sögn (í aukasetningu með sýnilegu frumlagi) og telur það til danskra áhrifa (1844:85, lítillaga aðlagð):

- (1) a. allt það, er vér **áttum ekki** von á (málviðmið Fjölnis)
- b. allt það, er vér **ekki áttum** von á (dönskuleg orðaskipun)

Venja er að tala um afstöðu sagnar til neitunar í (1a) sem S2 og í (1b) sem S3 til marks um að sögnin sé í öðru/priðja sæti setningar (sjá t.d. Þórhall Eyþórsson 1997–98 og Höskuld Þráinsson 2010 um sagnfærslu). Þetta verður einnig gert hér þrátt fyrir ágreining um hvort hliðstæð tilbrigði í nútímamáli felist í breytilegri stöðu sagnar eða neitunar (sbr. Höskuld Þráinsson 2010 og tilv. þar).

Fyrri rannsóknir á S3 í íslensku hafa bent til þess að sú orðaröð færist í aukana eftir 1600 en að hún virðist víkja á síðari helmingi 19. aldar og finnist vart í útgefnum ritum á 20. öld (t.d. Heycock & Wallenberg 2013). Tilgáta flestra sem hafa skrifað um orðaröðina er sú að S3 hafi verið stílfræðilegt ritmálsfyrirbrigði sniðið eftir erlendum málum, einkum dönsku, og hafi því aldrei verið hluti af daglegu máli. Þetta er þó sérkennilegt í ljósi þess að máltengsl hafa almennt verið takmörkuð og ekki síður af því að tilbrigðin finnast (takmarkað) í nútímamáli (sbr. Ásgrím Angantýsson 2011) þar sem S3 er talmálsleg ef eitthvað er.

Fyrir liggur að Fjölnismenn gerðu tilraun til þess að brennimerkja S3 fyrir miðja öldina og ljóst er að breyting varð á útbreiðslu orðaraðarinnar í útgefnum textum. Eftir er hins vegar að gera fullnægjandi grein fyrir breytingunni og að leggja mat á það hvort meðvitund um þetta brennimerkta afbrigði í orðaröð hafi verið nægjanleg til þess að ný málviðmið næðu almennt eyrum málnotenda. Inn í þessa umræðu fléttast einnig meintur munur á lærðum stíl og alþýðustíl, þar sem mál „alþýðu“ á að hafa verið svo að segja ósnortið af erlendum áhrifum á mál og stíl (sjá t.d. Jakob Jóh. Smára 1920:9–15). Slíkar hugmyndir er nauðsynlegt að setja í sögulegt samhengi.

Í greininni verður leitað svara við eftirfarandi spurningum:

- Hversu útbreidd var notkun S3 í íslensku máli á 19. öld?
- Hvenær varð annað afbrigðið (þ.e. S2) hluti nýs málstaðals og hver urðu áhrif þess?

Rannsóknin hefur almennt fræðilegt gildi að því er varðar möguleika á að snúa við málbreytingum, sem oft er talið illmögulegt (t.d. Labov 2001), og sértækt setningafræðilegt gildi í tengslum við hugmyndir um að ríkulega sagnbeygð tungumál eins og íslenska leyfi ekki S3 (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2010, Ásgrím Angantýsson 2011, Heycock & Wallenberg 2013). Því miður er ekki rúm til að gera setningafræðilegu hliðinni fullnægjandi skil hér og fær sú umfjöllun því að bíða betri tíma.

Bygging greinarinnar er sem hér segir: Í öðrum kafla verður stiklað á stóru í umfjöllun um meðvitund málnotenda almennt um tilbrigði í máli og möguleikum á „handvirkum“ breytingum í tengslum við málstöðlun, sem svo er sett í sögulegt samhengi. Í þriðja kafla verður stuttlega fjallað um fyrri athuganir, þeim textasöfnum lýst sem notuð verða í nýrri athugun og málbreytan afmörkuð. Í fjórða kafla verða fyrstu niðurstöður textaathugunar birtar, annars vegar á útgefnum blaða- og tímaritsgreinum og hins vegar persónulegum sendibréfum frá 19. öld, þar sem kemur í ljós að meiri breytileika er að finna en áður var talið. Greininni lýkur á umræðu um þátt málstöðlunar í breytingum á notkun S3 en nýr vitnisburður úr ólíkum áttum bendir til að meðvitund um umrædd tilbrigði í orðaröð takmarkist við síðasta fjórðung 19. aldar, seinna en við var að búast.

2 Fræðilegur grundvöllur

2.1 Meðvitund um mál og tilbrigði

Meðvitund um tilbrigði í máli er einn af þeim grundvallarþáttum sem taldir eru hafa áhrif á þróun málbreytinga innan þeirrar félagsmálfræðilegu rannsóknarhefðar sem kennd er við bandaríska fræðimanninn William Labov. Hann gerir greinarmun á breytingum sem breiðast út án þess að það sé almennt vitund um þær í samfélaginu (breytingar „neðan frá“) og breytingum sem almennir málnotendur vita af í þeim skilningi að þeir bera kennsl á þau tilbrigði sem af þeim spretta (breytingar „ofan frá“) (Labov 1972, 2001). Breytingar ofan

frá eiga það sameiginlegt að gjarnan er reynt að sporna gegn þeim, t.d. af hálfu opinberra stofnana, á meðan breytingar neðan frá koma samfélaginu að mestu að óvörum.²

Málstöðlun felur í sér ákvarðanir opinberra aðila eða áhrifamanna í málsamfélaginu um val á viðmiðum. Eigi hún að skila árangri þurfa málnotendur almennt að þekkja viðmiðin og vera færir um að fylgja þeim. Þótt einstaklingar hafi yfirleitt takmörkuð áhrif á aðra er talið að svonefndir ofurpaurar (e. *mega-actors*) geti haft bein áhrif á grundvallarþætti félagslífs (sjá Deumert 2003:53 o.áfr.). Því kemur ekki á óvart að í umræðu um áhrif málstöðlunar sé lögð áhersla á hlutverk menntastofnana, einkum eftir 1800 í tengslum við þjóðernisstefnu í Evrópu (sjá hér á eftir), og gert er ráð fyrir að áhrif slíkra stofnana hafi verið býsna mikil, a.m.k. til lengri tíma lítið (sbr. Deumert 2003:66–67).

Mikilvæg spurning sem þetta vekur er hvort takmarkanir eru á hve víðtæk bein „inngrip“ geti verið. Það er ekki síst áhugavert í ljósi þess að málnotendur eru ekki endilega meðvitaðir um eigin málnotkun (sjá t.d. Höskuld Þráinsson o.fl. 2010:37, nmgr. 12) og gera sér ekki alltaf fullkomlega ljóst í hverju brennimerkt fyrirbæri, t.d. „þágufalls-sýki“ (sbr. tilv. rit:59–60), raunverulega felast. Ólík svið málfræðinnar eru ennfremur talin ólík að þessu leyti; setningafræðileg atriði lenda t.a.m. neðst á skala Laycocks & Mühlhäuslers (1990:849) yfir möguleika á „handvirkum“ breytingum á tungumálum. Einnig er oft bent á að málfarsleg tilmæli beri jafnan lítinn árangur ef marka má raunverulega málnotkun og þau þjóni því litlum tilgangi (t.d. Labov 2001:4, Poplack & Dion 2009). Þrátt fyrir það hafa fræðimenn talið að málstöðlun eigi sinn þátt í að íslenska hafi breyst minna en mörg önnur mál:

The archaic features of Standard Icelandic are no doubt due in part to the relatively great degree of isolation from other

² Líkan Labovs (1972:237–251) gerir ráð fyrir að félagsmálfræðilegar breytur séu af þrennu tagi: vísar (e. *indicators*), merki (e. *markers*) og staðalímyndir (e. *stereotypes*). Vísar eru mállyskubundin tilbrigði sem málnotendur eru sér ekki meðvitaðir um. Þeir eru því breytingar að neðan. Sé nægileg vitund um tilbrigði í samfélaginu til þess að framkalla stílbundinn breytileika teljast þau merki eða staðalímyndir. Munurinn á þessu tvennu felst í því að þótt málnotendur séu að einhverju leyti meðvitaðir um marka geta þeir ekki lýst fyrirbærinu, en staðalímyndir eru fullkomlega meðvitaðar og hægt er að skírskota til þeirra í umræðu um mál og stíl. Staðalímyndir eru skýr dæmi um breytingar ofan frá.

languages, but they are also in part a result of the process by which the language was standardized: the creators of Standard Icelandic deliberately archaized the language's structure, making it look older so as to bring it closer to the language of the Eddas (Thomason 2001:9)

Sú staðhæfing að stöðlun íslenskunnar hafi falið í sér meðvitaða fyrningu á formgerð málsins er fremur djörf. Þekkt íslenskt dæmi um meinta málstýringu sem tengist setningafræðinni er t.d. að notkun lausa greinisins *hinn* í stað *sá* sé til marks um áhrif (staðlaðs/fyrnds) ritmáls á talmál, því að lausi greinirinn *hinn* muni hafa verið horfinn úr málinu, a.m.k. með nafnorðum.³

Rétt er að hafa í huga að ekki er sjálfgefið að sögulegar breytingar sem birtast í varðveittum textum endurspegli beinlínis málfræðilegar breytingar innan málsamfélagsins. Þær geta einnig komið til af stílfræðilegum breytingum, t.d. ef ritmálsleg viðmið færast nær mæltu máli (sjá t.d. Mair 2009:88–89). Sumt af því sem sagt hefur verið um íslenska málhreinsun ber einmitt frekar keim af stílfræðilegum breytingum en eiginlegum málbreytingum, sbr. orð Jakobs Jóh. Smára (1920:14) að „endurreisn“ málsins hafi byggt að verulegu leyti á alþýðumáli. Hér er þó að ýmsu að hyggja og ljóst að umræða um fornlegt alþýðumál 19. aldar var hápólitísk, eins og nú verður stuttlega vikið að.

2.2 Málhreinsun í sögulegu samhengi

Málhreinsun 19. aldar tengist svonefndum þjóðlegum þankagangi (e. *national thought*), þjóðarvitund skilgreindri út frá uppruna, landamærum, menningu, tungumáli o.s.frv., sem um 1800 varð að pólitískri hugmyndafræði (sbr. Leerssen 1999:9–13). Af aukinni miðstýringu einveldanna, þéttriðnara neti ríkja, vaxandi áhuga á hefðum og svæðisbundnu sjálfræði leiddi sá hugsunarháttur að þjóðir hefðu sitt eigið, einstaka eðli og ættu því tilvistarrétt sem sjálfstæð ríki (sjá einnig t.d. Guðmund Hálfðanarson 2007:192–193, 197–198).

Eins og ítarlega er fjallað um í ofangreindum ritum léku tungumál mikilvægt hlutverk innan þessarar hugmyndafræði því að tilkall til sjálfstæðis byggðist m.a. á því að sýna mætti fram á tilvist tungumáls

³ Sjá t.d. Kjartan Ottosson (2003:128–130), þar sem kemur fram að *hinn* taki við af *sá* á 19. öld beinlínis fyrir tilstilli málhreinsunar, svo að *sá* einskorðast fyrst við talmálið og hörfar þar svo smám saman líka. Óljóst er þó á hvaða vitnisburði sú staðhæfing er byggð.

sem átti sér merka sögu. Upp hófst leit að fornum rithefðum sem víða gat af sér hreintungustefnu. Skýr greinarmunur var gerður á tungumálum og mállyskum og þurfti hvert tungumál að hafa ritmálsstaðal.⁴ Einnig var mikilvægt að geta sýnt fram á að ritmálið ætti sér einhverja stoð í samtímanum á meðal alþýðu manna og litið var á þjóð og tungumál sem einingu, þar sem tungumálið væri ein helsta birtingarmynd þjóðareðlisins (sbr. Leerssen 1999:103–107). Órofin tengsl forníslensku og alþýðumáls samtímans fólu því í sér beinan pólitískan ávinning fyrir land og þjóð og ummælum um slíkt ber að taka með miklum fyrirvara.

3 Afmörkun og aðferðafræði

3.1 Fyrri athuganir

Í sögulegri umfjöllun um S3-orðaröð í íslensku er jafnan gert ráð fyrir að tímabilið 1600–1850 skeri sig úr vegna aukinna erlendra áhrifa (sbr. t.d. Jakob Jóh. Smára 1920:13, Heycock & Wallenberg 2013). Heycock & Wallenberg (2013) athuguðu stöðu persónubeygðrar sagnar í auka-setningum með neitun og öðrum miðlægum⁵ atviksorðum í íslenskum frásagnartextum frá 12. öld til 21. aldar. Þau komust að því að á umræddu tímabili hafi S3 tíðkast með allt að 40% hlutfallstíðni í ákveðnum gerðum setninga, en síðan horfið nær algerlega. Þau vekja athygli á að á 17. og 18. öld komi S3 í íslensku einmitt helst fyrir í

⁴ Aðgreining milli tungumáls og mállysku kemur skýrt fram hjá Rask (1818:278–279) í umfjöllun hans um íslensku andspænis færeysku. Eins og skandinavísku meginlandsmálin er íslenska að hans mati tungumál („språket på sjelfva Island“) en aftur á móti talar hann um færeysku sem mállysku („en folkdialekt“).

⁵ Mismunandi ao. hegða sér á ólíka vegu (sjá t.d. Maling 1980, Höskuld Práinsson 2010, Ásgrím Angantýsson 2011 og tilv. í þessum ritum). Staða sumra ao. er mjög frjálś en annarra fastskorðaðri, t.d. *náttúrulega* andspænis *alltaf* í aðalsetningum (< > táknar breytilega stöðu, * að tiltekin staða sé ótæk):

(i) Jón <náttúrulega> les <náttúrulega> fyrir svefninn <náttúrulega>

(ii) Jón *<alltaf> les <alltaf> fyrir svefninn *<alltaf>

Í (ii) sést að *alltaf* verður að standa strax á eftir persónubeygðri sögn, ólíkt *náttúrulega* í (i). Atviksorð eins og *alltaf* eru þess vegna kölluð miðlæg og í þann flokk falla m.a. tíðaratviksorð og neitun. Vegna fastrar stöðu sinnar veita þau traustari vísbendingar um setningafræðilega stöðu annarra hluta setningarinnar.

umhverfi þar sem sú orðaröð er ráðandi í skandinavísku meginlandsmálunum, t.d. í tilvísunarsetningum eins og í (2), en síst í setningum þar sem S2 gengur hvað best í þessum málum, t.d. í skýringarsetningum eins og (3).⁶

- (2) og frá þeim tíma komst eg í vinfengi hans er hann **ei sleit** meðan hann lifði (18. öld, dæmigert S3-umhverfi)
- (3) Ekki er það nóg, að vér **ei drýgjum** þá glæpi, sem vinna til útsetningar af kirkjunni (18. öld, dæmigert S2-umhverfi)

Dreifing eftir setningafræðilegu umhverfi líkist því málkunnáttu málfara sem hefði dönsku að móðurmáli. Heycock & Wallenberg (2013) bjóða ekki upp á neina endanlega túlkun á niðurstöðum sínum en telja sennilegt að S3 hafi verið ritmálsfyrirbæri meðal menntamanna, e.t.v. sniðið meðvitað að dönsku, en hafi aldrei haft áhrif í töluðu máli.⁷ Eftir 1850 dragi verulega úr notkun S3 og á 20. og 21. öld eru nær engin dæmi um orðaröðina í þeim textum sem voru athugaðir. Eldri athugun á dagblaðatextum frá lokum 20. aldar sýndi einnig að S2-orðaröð, hliðstæð (1a), væri einráð (sjá Höskuld Þráinsson 2010:1075, nmgr. 19). Þá hefur jafnvel verið gert ráð fyrir að S3 með neitun komi alls ekki fyrir í nútímaíslensku (t.d. Maling 1980:177, nmgr. 4).

Ekki er ljóst af fyrri umræðu hvort S3 með miðlægum atviksorðum í aukasetningum hafi fyrst komið upp um 1600, t.d. fyrir erlend áhrif, eða hvort sú orðaröð hafi verið möguleg þegar í fornmáli, síðar orðið algengari um tíma – komist í tísku, ef svo má segja – þar til S3 þótti af einhverjum ástæðum ekki lengur eftirsóknarverð eftir 1850. Athugun Heycock & Wallenbergs (2013) gefur til kynna að í elsta máli finnist örfá dæmi um S3 í umhverfi hliðstæðu (2) að ofan og fleiri dæmi af sama tagi á 15. öld. S3 virðist því ekki beinlínis vera nýjung í íslensku á 17. öld; möguleikinn hafi verið fyrir hendi í eldra máli þó að hann hafi e.t.v. verið sjaldnar nýttur.⁸

⁶ Heycock & Wallenberg (2013) sýna ekki dæmi en (2) og (3) eru úr sömu málheild og þau notuðu; fyrra dæmið úr ævisögu Jóns Steingrímssonar, setn. nr. „138.1081“, það síðara úr Vídalínspostillu, setn. nr. „1001“ (sjá Wallenberg o.fl. 2013 og tilv. þar).

⁷ Í dönsku er S3 almennt talin sjálfgefin orðaröð í aukasetningum. Sú röð tók jafnt og þétt við af S2 en S3 varð ekki ríkjandi fyrr en undir lok 17. aldar (sbr. Sundquist 2003:240).

⁸ Einmitt slík léttvæg formgerðarleg áhrif (breytingar á mynstrum/tíðni) telur Thomason (2001:70-71) leiða af vægum erlendum áhrifum, sem fela einnig í sér sérhæfð inntaksorð og kerfisorð, þ.e. annað stig af fjórum á

Færð hafa verið rök fyrir því að í nútímaíslensku sé S3 á einhvern hátt „afbrigðileg“ orðaröð og hana sé helst að finna í setningum þar sem dregnar eru upp andstæður til áherslu, einkum í tilvísunarsetningum, sbr. (4). Annars sé notkun S3 yfirleitt mjög takmörkuð, t.d. í skýringarsetningum, sbr. (5) (sjá ítarlega umfjöllun hjá Ásgrími Angantýssyni 2001, 2011:64–72).

- (4) Jón sagði margt áhugavert en áhugaverðast var það sem hann **ekki sagði**
- (5) *María hélt að hann **ekki segði** sannleikann

Eins og rakið er í mörgum þeim ritum sem vitnað er til hér að ofan hefur sú tilgáta verið sett fram að „afbrigðileiki“ S3 í íslensku sé engin tilviljun og að ríkuleg sagnbeyging í íslensku, ólíkt t.d. dönsku, leiði til þess að S3 gæti aldrei orðið hin ómarkaða orðaröð. Þetta er þó ekki óumdeilt og samræmist fremur illa háu hlutfalli S3 í sumum textum. Slík tengsl beygingarfræðilegra og setningafræðilegra atriða kunna þó að skýra það að S3 hafi ekki steypst S2 af stóli (sbr. Heycock & Wallenberg 2013) en því fer fjarri að fullreynt sé að það leiði ekki af almennari þáttum í máltöku.

3.2 Textasöfn

Fyrri rannsóknir hafa einkum miðast við formlega texta sem margir standa býsna fjarri daglegu máli (sjá t.d. Elspaß 2012). Nýrri athugun á safni sendibréfa og úrvali blaða- og tímaritstexta er ætlað að bæta hér úr að nokkru með samanburði á ólíkum textagerðum, sbr. (6) og (7).

- (6) Blöð og tímarit (1800–1850, 1875, 1900); um 450 þúsund lesmálsorð
- (7) Safn sendibréfa frá 19. öld; um 900 þúsund lesmálsorð

Vert er að hafa í huga að athugunin er enn á frumstigum, m.a. vegna þess að textasafnið er aðeins tilbúið að hluta og enn vantar bakgrunnsupplýsingar um marga málhafa. Bláðatextarnir eru fengnir úr safni Landsbókasafns–Háskólabókasafns á *Tímarit.is*.⁹ Í þessari fyrstu

styrkleikaskala hennar. Ætla má að þetta eigi við um mál menntamanna á umræddu tímabili, 1600–1850, þó að máltengsl hafi e.t.v. verið minni almennt séð. Ekki er þó hægt að útiloka sterkari áhrif máltengsla á alþýðu í formi keðjuverkunar í gegnum menntamenn og ritað mál.

⁹ Ég þakka Ástu Svavarsdóttur fyrir aðgang að þessum textum á rafrænu formi. Um er að ræða leiðréttan texta tímarita úr stafrænu safni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns (sjá töflu 7 í viðauka). Einnig lagði

atrennu er einungis notast við afmarkað úrval frá ólíkum tímum en ætlunin er að síðar verði fleiri textar athugaðir yfir samfellt tímabil. Málnotkun í blöðum og tímaritum er fremur formleg og textarnir eru einkum skrifaðir af menntamönnum. Því er líklegt að þeir endurspegli að verulegu leyti opinber (eða hálf-opinber) málviðmið á 19. öldinni.

Bréfin eru flest skrifuð á 19. öld af körlum og konum, yfirleitt óskólagengnum, frá ólíkum landshlutum (sjá Harald Bernharðsson & Jóhannes Gísli Jónsson 2012). Enn er verið að bæta við safnið en þar eru nú alls 1639 bréf, þar af 1416 bréf frá 19. öld. Frá ofanverðri 19. öld og upphafi þeirrar 20. er einnig að finna bréf Vestur-Íslendinga.

3.3 Afmörkun málbreytunnar

Fyrri rannsóknir á S3 í íslensku hafa tekið mið af umhverfi þar sem sýnilegt frumlag stendur fremst í aukasetningu og neitun eða miðlægt atviksorð fer á undan persónubeygðri sögn. Til þess að einfalda sam-anburð verður hér aðeins miðað við afstöðu persónubeygðrar sagnar og neitunar, sbr. (8).

- (8) a. $[_{Aðalsetn.} [_{Aukasetn.} \text{frumlag} - \text{sögn}_{persb.} - \text{neitun}]]$ S2
b. $[_{Aðalsetn.} [_{Aukasetn.} \text{frumlag} - \text{neitun} - \text{sögn}_{persb.}]]$ S3

Notað var forritið AntConc (Anthony 2012) til þess að sækja setningar með neitun (*ekki, ei, eigi* o.s.frv.) og dæmin voru síðan greind hand-virkt. Til þess að finna allar ritmyndir í textasöfnunum (t.d. *eckji, ekge, eii, ej*) var AntConc látið útbúa vélrænan orðalista sem farið var yfir handvirkt.

Ofangreind afmörkun er venjulega réttlætt með því að breytileiki milli S2 og S3 komi aðeins fram ef frumlag er fremst. Nauðsynlegt er hins vegar að réttlæta þá afmörkun á forsendum 19. aldar. Það kemur nefnilega á daginn að afmörkun við frumlag (í aukasetningu) er e.t.v. ekki jafn sjálfgefin og ætla mætti að óathuguðu máli. Í (9)–(10) eru sýnd frávík frá umræddri reglu en þau eru fátíð:¹⁰

ég til inngangsorð allra árganga Ármanns á Alþingi.

¹⁰ Vitnað er til sendibréfa með upplýsingum um ritunartíma, kyn og aldur bréfitara. Við tilvitnun í tímarit er aðeins skráð útgáfuár.

- (9) a. og ætlar því annar þeirra að ríða norður að Miklabæ til að semja við Arna til næsta árs og menn **ekki hika** við að bjóða honum 4–500 kr. í kaup (1879, kk., 36)
- b. [...] er jeg orðin mjög efnalítill, og vegna elli lasleika **ekki get** lifað án þess að þiggja styrk af öðrum (1881, kvk., 70)
- (10) a. mjer finnst hreint að hjer **ekki hafi** verið neinn vetur [...] (1887, kvk., 24)
- b. það er huggun og von mín að sá sem í öðrum heymi, **ekki lætur** einn vatns drók, ólaunaðann. verða, hann [...] (1885, kvk., ?)
- c. Það er merkilegt, að Hertoginn af Würtemberg var sá einasti Fursti í öllum heimi, sem þann 10da Maí 1802 **ecki hafði** samid fullkominn frid við Bounaparte. (1803)

Í (9) fer neitun á undan sögn í aðalsetningu þrátt fyrir að fyrsta sæti sé fyllt, af frumlagi í (9a) en forsetningarlið í (9b). Í (10) eru hliðstæð frávik í aukasetningu þar sem liðir aðrir en frumlög fylla fyrsta sætið. Það hefði mikil áhrif á heildarniðurstöðurnar ef breytan yrði skilgreind óháð fremsta lið vegna þess að yfirgnæfandi meirihluti þessara dæma er með S2-röð, eins og vænta má samkvæmt nútímamáli.

Alþekkt er í sögulegri málfræði að stundum verður að líta framhjá dæmum sem finnast og gera ráð fyrir að þau séu beinlínis röng, þ.e. ótækar „raunverulegar“ setningar (sbr. t.d. Eirík Rögnvaldsson 1998). Fáein dæmi um óvenjulega orðaröð eru því ekki endilega nægjanleg ástæða til þess að varpa rótgrónum greiningum fyrir róða. Annar möguleiki er að líta á dæmin í (9)–(10) sem vitnisburð um frjálsari stöðu neitunar hærra í formgerðinni en oft er talið. Þar með veittu þau nýja röksemd fyrir þeirri greiningu Höskuldar Þráinssonar (2010), meðal annarra, að S3 í íslensku felist ekki í breytilegri stöðu sagnar heldur atviksorðs.

4 Niðurstöður athugunar

4.1 Blöð og tímarit (1800–1850, 1875, 1900)

Það úrval blaða- og tímarita sem notast var við býður upp á þann möguleika að skoða þróun í opinberri/formlegri málnotkun á 19. öld. Í efni af þessu tagi er helst von á að finna breytingar sem mætti túlka sem áhrif breyttra málviðmiða eða nýs málstaðals. Með hliðsjón af athugun Heycock & Wallenbergs (2013) á frásagnartextum er þess að

vænta að hlutfall S3-orðaraðar sé hærra á fyrri hluta aldarinnar en eftir 1850. Þessi spá gengur að miklu leyti eftir, sbr. töflu 1.

Tímabil	S2	S3	Hlutfall S3
f.hl. 19. aldar	225	178	44,2%
1875	161	28	14,8%
1900	350	41	10,5%

Tafla 1. Breytan S2/S3 í blöðum og tímaritum, 19. öld

Fyrir 1850 er hlutfall S3 hátt og í sumum textum svo hátt (hæst tæp 78%) að ekki er augljóst hvort bæri að telja S2 eða S3 hina ómörkuðu orðaröð (sjá viðauka, töflu 7). Árin 1875 og 1900 hefur hlutfall S2 aukist mjög á kostnað S3, þó að í sumum tímaritum sé hlutfall S3 enn á bilinu 20–35%. Munurinn á 1800–1850 og 1875 er tölfræðilega marktækur en ekki munurinn á 1875 og 1900.¹¹ Þessar niðurstöður þarf auðvitað ekki að túlka svo að eiginleg málbreyting hafi orðið, t.d. ef stílfræðileg viðmið ritmáls hafa færst nær mæltu máli. Þá er ekki óhugsandi að málstýring ritstjóra á einstökum blöðum skipti máli; sumir ritstjórar á síðari hluta 19. aldar munu hafa verið miklir málhreinsunarmenn (sbr. kafla 5). Þetta þarf hvort tveggja að kanna nánar og á stærra safni en hér liggur til grundvallar.

Til þess að fræðast nánar um eðli breytileikans er forvitnilegt að skoða hlutfall S3 í ólíku setningafræðilegu umhverfi. Tafla 2 sýnir dreifingu eftir tegund aukasetningar og sýnd eru dæmi um hverja gerð í (11) og (12), annars vegar S2 og hins vegar S3.


Tegund aukasetningar	1800–1850	1875	1900
Atvikssetningar	48,5% (94/194)	21,3% (20/94)	14,6% (23/158)
Tilvísunarsetningar	79,3% (23/29)	36,4% (4/11)	25,0% (6/24)
Skýringarsetningar	35,4% (58/164)	4,9% (4/81)	5,3% (11/207)
Spurnarsetningar	50,0% (3/6)	0,0% (0/3)	50,0% (1/2)

Tafla 2. Hlutfall S3 af heildardæmafjölda eftir tegund aukasetningar.

¹¹ Kí-kvaðratspróf Pearsons sýnir að tölfræðilega marktækur munur er á f.hl. 19. aldar og 1875, p-gildi = 0,000000000005291. Á 1875 og 1900 er munurinn ekki tölfræðilega marktækur, p-gildi = 0,1699.

- (11) a. [...] reyna síðan af alhuga að bæta hag manna hér á landi, svo að hann **verði ekki** lakari en í öðrum síðuðum löndum (1900)
 b. Margir dattu um grjótid, sem við **sáum ekki** í náttmyrkrinu (1835)
 c. blöð þeirra hrópa hástöfum til kjósendanna að þeir **skuli ekki** þola þá fulltrúa, sem ekki fylgi flokk þeirra blindandi (1875)
 d. það er eptir að vita hvort þær hinar fáu skepnur er menn setja á vetur í haust, **drepast ekki** úr beinasjúkdómum eða öðrum kvillum (1875)
- (12) a. Borgfirðingar hafa í vor verið að bæta þeim ær, er skáru þær í vetur, svo þeir **eigi yrðu** málnytlaus í sumar (1875)
 b. Ýmsar aðrar ræður voru þar fluttar, sem vjer **eigi finnum** sjerstaklega ástæðu til að minnast á (1875)
 c. þegar þjóðin sjálf er farin að virða og elska móðurmál sitt, þá má fullyrða að það **ekki muni** verða án vitnisburðar (1846)
 d. gétur verid að Nordurland hafi haft gott af þessu, hvört **sóttin ekki** var komin á undan þessari ritgjörð (1835)

1800–1850 er hlutfall S3 áberandi hátt í tilvísunarsetningum og í spurnarsetningum (sem aðeins örfá dæmi fundust um) en þar leyfist S3 einmitt helst í nútímamáli. Þó að dragi úr tíðninni er hlutfall S3 áfram hæst í tilvísunarsetningum 1875 og 1900. Myndræn framsetning á þessum upplýsingum sýnir hve stöðugt lækkandi hlutfall S3 er innan hverrar tegundar aukasetningar yfir þessi þrjú tímabil, sbr. mynd 1.



Mynd 1. Hlutfall S3 af heildardæmafjölda eftir tegund aukasetningar (sbr. töflu 2).

Til þess að kanna þá staðhæfingu að skilyrði fyrir notkun S3 fram til 1850 séu svipuð og hjá málhafa sem hefði dönsku að móðurmáli (sbr. kafla 3.1) er forvitnilegt að líta á dreifingu S3 eftir því umhverfi þar sem S3 er algengust í skandinavísku meginlandsmálunum og umhverfi sem leyfir S2 greiðlega.¹² Þetta er sýnt í töflu 3.

Tegund umhverfis	1800–1850	1875	1900
Dæmigert S2	35,3% (65/184)	5,1% (5/98)	5,2% (12/232)
Dæmigert S3	57,8% (26/45)	28,6% (4/14)	26,9% (7/26)
Blandað umhverfi	50,0% (87/174)	24,7% (19/77)	16,5% (22/133)

Tafla 3. Hlutfall S3 af heildardæmafjölda eftir kjörumhverfi í skandinavísku meginlandsmálunum.

Mínar niðurstöður eru hliðstæðar niðurstöðum Heycock & Wallenbergs (2013), þ.e. hlutfall S3 er hæst í dæmigerðu S3-umhverfi, lægst í dæmigerðu S2-umhverfi og blandað umhverfi lendir þarna á milli (líkast dæmigerðu S3-umhverfi). Á fyrri hluta aldarinnar er munurinn tölfraðilega marktækur.¹³ Þetta afstaða hlutfall helst á milli tímabila þrátt fyrir að mjög dragi úr heildartíðni S3; m.ö.o. virðist ekki verða eðlisbreyting á notkuninni.¹⁴

Stóra spurningin sem niðurstöðurnar vekja er hvort lág tíðni S3 á síðari hluta aldarinnar endurspeglar daglegt mál þorra landsmanna eða hvort tíðnin sé „óeðlilega“ lág í þeim tímaritum þar sem hún er lægst, e.t.v. til marks um að málstöðlun sé þar að verki. Til þess að varpa ljósi á þessa spurningu skal nú gerð tilraun til þess að komast nær notkun S3 í textum sem ætla má að standi nær mæltu máli.

¹² Ég fylgi skilgreiningum hjá Heycock & Wallenberg (2013) og kalla umhverfi blandað sem ekki er greinilegt kjörumhverfi S2 eða S3. Þau telja dæmigert S3-umhverfi vera samanburðarsetningar, tilvísunarsetningar og óbeinar spurnarsetningar, dæmigert S2-umhverfi hins vegar skýringarsetningar og stigsetningar (*svo X að ...*, þar sem X er oft lo.) og blandað umhverfi allar aðrar atvikssetningar. Blandað umhverfi flokka þau þó með S3-umhverfi í greiningu á skandinavísku málunum.

¹³ Kí-kvaðratspróf Pearsons sýnir að á f.hl. 19. aldar er p -gildið = 0,003008. Væntingartíðni S3 í dæmigerðu S3-umhverfi árin 1875 og 1900 er (mun) lægri en 5 og heimilar því ekki fyrrnefnt marktækniþróf.

¹⁴ Umdeilt er hvað megi ráða af breytingum á tíðni, ekki síst hvort túlka beri það sem breytingar á málkunnáttu ef notkun setningafræðilegrar formgerðar eykst eða minnkar eða hvort það sýni e.t.v. fremur sveigjanleika í málbeitingu, ef fyrirbærið kemur fyrir á annað borð (sjá t.d. Margréti Guðmundsdóttur 2008:30–32).

4.2 Sendibréf á 19. öld

Ólíkt opinberu og tiltölulega formlegu máli blaða- og tímaritstexta er þess að vænta að almennt sýni (persónuleg) sendibréf ýmis málfarsleg einkenni sem staðlaðir og ritstýrðir textar þegja um (sbr. Elspáß 2012). Til þess að meta áhrif málstöðlunar er því nauðsynlegt að bera slíka texta saman við útgefin rit sem líklegri eru til að fylgja ákveðnum viðmiðum.

Sláandi munur kemur fram á notkun S3 þegar sendibréf eru borin saman við textana sem lýst var hér á undan. Í bréfunum verður lítil breyting á hlutfallslegri tíðni S3 alla öldina: hlutfallið er um 10%, sbr. töflu 4.¹⁵ Mikilvægt er þó að hafa í huga að bréfasafnið inniheldur enn sem komið er mjög fá bréf frá fyrri hluta aldarinnar.

Tímabil	S2	S3	Hlutfall S3
1800–1850	199	18	8,3%
1850–1875	1118	130	10,4%
1875–1900	964	126	11,6%


Tafla 4. Breytan S2/S3 í sendibréfum á 19. öld

Dreifing eftir setningafræðilegu umhverfi, sbr. töflu 5 og mynd 2, sýnir að skilyrði fyrir S3 eru talsvert ólík því sem gerist í nútímamáli. Eins og í blöðum og tímaritum er S3 tíðust í tilvísunar- og spurnarsetningum, líkt og nú er. S3 er hins vegar síst að finna í atviks- og skýringarsetningum, þó að hlutfall S3 í skýringarsetningum sé býsna hátt á tímabilinu 1850–1875, eða tæp 12%, í ljósi þess hve illa S3 gengur þar í nútímamáli. Dæmi eru sýnd í (13)–(14).

Tegund aukasetningar	1800–1850	1850–1875	1875–1900
Atvikssetningar	6,7% (7/104)	8,0% (51/641)	13,6% (71/523)
Tilvísunarsetningar	30,8% (4/13)	16,9% (12/71)	21,5 (14/65)
Skýringarsetningar	5,3% (5/95)	11,6% (55/474)	7,3% (34/465)
Spurnarsetningar	40,0% (2/5)	19,4% (12/62)	18,9% (7/37)

Tafla 5. Hlutfall S3 af heildardæmafjölda eftir tegund aukasetningar.

¹⁵ Munurinn á tímabilunum þremur er tölfræðilega ómarktækur, þ.e. dreifingin bendir ekki til þess að breyting hafi orðið; kí-kvaðratspróf Pearsons á töflu 4 sýnir að $p\text{-gildi} = 0,3238$. Munur innar hvers tímabils er einnig fjarri því að vera tölfræðilega marktækur.



Mynd 2. Hlutfall S3 af heildardæmafjölda eftir tegund aukasetningar (sbr. töflu 5).

- (13) a. Brjefið til Kristjáns er þjer sent svo hann **geti ekki** þrætt fyrir að hafa fengið það (1890, kk., 35)
- b. það má þó margt læra hér sem maður **þekkir ekki** heima (1899, kvk., 20)
- c. Jeg bid þig bezti pabbi að fyrirgefa mér að eg **skrifadi** þér **ekki** í vetur (1889, kvk., 19)
- d. Þú spyrð mig í brjefinu þínu hvert mig **langi ekki** heim aptur ef þú gætir útvegað mjer atvinnu sem eg gæti lifað af (1875, kk., 19)
- (14) a. en stóðu utan um og forsigladu hana svo kallinn **ekki gæti** skæmt hana (1857, kk., 19)
- b. og var sagt að posturin hefði tekið hana sjálfur og sent með einhverjum sem hann **ekki þegti** (1868, kvk., ?)
- c. hún biður að fyrir gefa að hún **ekki skrifi** (1887, kvk., 25)
- d. þú biður mig að seigja þjer í einlægni hvert mig **ekki lángi** heim aptur (1876, kk., 36)

Notkun S3 í sendibréfum í kjörumhverfi S2/S3 í skandinavísku meginlandsmálunum sýnir nú gerólíka dreifingu, sbr. töflu 6 (í samanburði við töflu 3 hér á undan). Hlutfall S3 er hæst í blönduðu umhverfi og á tímabilinu 1875–1900 er hlutfallið einmitt **lægst** í dæmigerðu S3-umhverfi. Þessi munur er tölfræðilega marktækur á síðari hluta aldarinnar.¹⁶ Því virðast aðrar hömlur vera að verki; líkindin eru yfirborðsleg.

¹⁶ Á f.hl. 19. aldar er væntingartíðni S3 í blönduðu umhverfi of lág fyrir kí-kvaðratspróf Pearsons en dreifingin er marktæk 1850–1875 (p-gildi = 0,00166) og 1875–1900 (p-gildi = 0,0001294).

Tegund umhverfis	1800–1850	1850–1875	1875–1900
Dæmigert S2	6,2% (6/97)	7,4% (41/553)	14,1% (65/461)
Dæmigert S3	5,9% (6/102)	11,8% (65/553)	7,6% (39/516)
Blandað umhverfi	33,3% (6/18)	16,9% (24/142)	19,5% (22/113)

Tafla 6. Hlutfall S3 af heildardæmafjölda eftir kjörumhverfi í skandinavísku meginlandsmálunum.

Ekki hefur tekist að tengja notkun S3 við neina tiltekna félagslega breytnu, svo sem kyn, landfræðilega staðsetningu eða þjóðfélagshóp. Þvert á móti fannst S3 í máli bæði karla og kvenna: prestfrúa, vinnukvenna, vinnumanna, smiða, bænda og bændakvenna svo fátt eitt sé nefnt. Þá fundust dæmi um S3-orðaröð hjá langflestum bréfiturum. Undantekningar voru einkum bréfritarar sem höfðu fá dæmi um málbreytuna S2/S3 yfirleitt, sem bendir til þess að notkun S3 hafi verið fremur útbreidd þó að tíðnin sé lægri en í blöðum og tímaritum.

5 Umræða um þátt málstöðlunar

Ef meta á áhrif málstöðlunar á málfar fólks er mikilvægt að glöggva sig á hvenær meðvitund um tilbrigði í máli er orðin slík að líta megi á málbreytuna sem breytingu ofan frá (sbr. kafla 3.1 hér á undan). Athuganir á S3 benda til að í útgefnum textum dragi úr tíðni S3 á 19. öld og við það verður málnotkun í þeim líkari því sem gerist í sendibréfum. Þegar nær dregur aldamótunum 1900, og ekki síst á 20. öld, dregur enn frekar úr tíðninni og það er því á þessu skeiði sem áhrif málstöðlunar koma helst til álita.

Hefð var fyrir að vísa til dönskulegrar eða óíslenskulegrar orðaraðar á 19. öld líkt og það væri á allra vitorði í hverju hún fælist. Þannig talar Baldvin Einarsson (1830:vi) til dæmis um málnotkun hins tilbúna Seltirnings, Önundar, sem orðinn er vanur við „blendíng í málinu“, í tímaritinu Ármann á Alþingi:

Tilgángurinn er sá, að ef einhvörjir kynnu að vera ordnir svo vanir við blendíng í málinu, að þeir eigi auðveldliga vissu hvört það væri íslenzka eða danska sem þeir mæltu, þá skyldu þeir þó verða að sjá hvørsu hrakliga ljótt það er að aflaka [svo] málid með útlendum ordum, og skræma það með med [svo] útlendri ordaröð (stilshætti) sem á svo illa við íslenzku.

Athygli vekur að Baldvin notar S3 í þessari málsgrein: *að þeir eigi auðveldlega vissu*. Því verður að teljast ólíklegt að orðalagið „útlendur

stílsáttur“ vísi til þessa atriðis eða að Baldvin sé meðvitaður um það. Mál Önundar einkennist fremur af dönskuslettum og föstum samböndum en beinlínis af útlendri orðaröð, auk þess sem S3 kemur ekki síður fram í máli þeirra tilbúnu persóna á landsbyggðinni sem eiga að standa Önundi frammar í málvarslegum efnum.

Mikilvægir áhrifavaldar („ofurpaurar“) sem nefndir hafa verið í tengslum við upphafningu alþýðlegs stíls eru Fjölnismenn. Þar vega þýngst ritdómar Konráðs Gíslasonar (auk annarra) í Fjölni: „Áhrif Fjölnis voru geysimikil og ekki síst á stíl þar sem segja má að hann hafi á skömmum tíma útrýmt útlenskulegum lærdómsstíl úr bókum og sett alþýðlegan stíl í öndvegi“ (Kjartan G. Ottósson 1990:72). Ritstjórar íslenskra tímarita munu einnig upp til hópa hafa verið miklir málhreinsunarmenn, einkum á síðari hluta 19. aldar (tilv. rit:78). Þá má leiða líkur að því að áhrif íslenskukennslu við Lærða skólann með Halldór Kr. Friðriksson í broddi fylkingar hafi ekki síst verið mikilvæg (sjá nánar hér á eftir).

Ritdómar Fjölnis mörkuðu ákveðin tímamót að því leyti að ekki er aðeins vikið með óbeinum hætti að málnotkun heldur eru tekin raunveruleg dæmi úr nýlega útgefnum bókum með tilvísunum og hispurslausri umsögn. Gagnrýnin beindist oft að ætluðum erlendum tökuorðum, yfirleitt dönskum. Nýlundan var ekki síst fólgin í þeirri auknu athygli sem setningafræðileg atriði fengu í Fjölni og þar er minnst á um þrjátíu slík atriði sem betur mættu fara. Eitt þeirra er títtnefnd S3-orðaröð, þar sem röðin neitun–sögn í aukasetningum er sögð „dönskuleg“ og bent á að neitun eigi að fara á eftir sögninni (sbr. Konráð Gíslason 1844:85). Athugasemd Konráðs eru fyrstu beinu merki um að amast hafi verið við S3.

Meint tengsl við dönsku vekja þá spurningu hvort S3 hafi verið talin bundin við (rit)mál menntamanna. Vísbendingu í þá átt er að finna í ummælum Sigurðar Gunnarssonar (1878) um orðaröðina í máli „Styrbjarnar á Nesi“.¹⁷ Kveðst Sigurður (1878:10) vilja „bera í tal við þig [þ.e. Styrbjörn] dönskuslettarnar þínar í greininni, sem eg nefndi, eða þær málsgreinir, sem mjer fannst eitthvert danskt óbragð að“; flest dæma hans snúa að S3:

Sjaldan er orðum svo skipað í daglegu tali, og í ágætum fornbókum

¹⁷ Um var að ræða ritdeilu vegna nýútkomins smásagnasafns Péturs Péturssonar biskups. „Styrbjörn á Nesi“ hafði ýmislegt að athuga við málið á safninu en Sigurður var í hópi þeirra sem þótti hann ósanngjarn og „stranda á sömu skerjum, er þú vítir aðra fyrir“ (tilv. rit:9).

hefi eg óvíða fundið líka orðaskipun. Þó því bregði fyrir á einstöku stað, eins og jeg man eptir t. a. m. á einum stað í Eglu, þá tel eg líklegra að ritarar hafi víxlað þar orðunum, en að þau standi svo skipuð í frumritinu. (Sigurður Gunnarsson 1878:10)

Dæmi Sigurðar eru á ýmsa lund og með þeim slæðast dæmi sem að betur athuguðu máli tilheyra ekki málbreytunni.¹⁸

Færa má sterk rök fyrir því að um þetta leyti, á síðasta fjórðungi 19. aldar, sé raunverulega fyrst „tekin ákvörðun“ um að gera S3 brottræka úr staðalmálinu. Um þetta vitnar ákaflega mikilvæg en vannýtt heimild: verkefni skólapilta við Lærða skólann í Reykjavík (sjá Braga Þorgrím Ólafsson 2004). Á Þjóðskjalasafni Íslands eru varðveitt prófverkefni úr ýmsum greinum frá tímabilinu 1846–1904 með leiðréttingum þess sem fór yfir, bæði á málfari og stíl. Það er merkilegt við þessi gögn að yfirleitt kemur fram hver leiðrétti og þennan einstæða brunn mætti nýta til þess að kafa dýpra ofan í mótun málstefnu á síðari hluta 19. aldar og byrjun þeirrar tuttugustu.

Ég hef kannað efni í þessu safni, m.a. verkefni frá ólíkum tímum sem nefnast íslenskur stíll, sem (yfirleitt) eru þýðingar úr dönsku á íslensku, og íslenskar ritgerðir, þ.e. frjáls ritun um ákveðið efni. Ég athugaði skipulega þessar tvær tegundir verkefna frá árunum 1847–48, 1852, 1855, 1860, 1875 og 1890 og skráði hjá mér allar leiðréttingar á málfræðilegum atriðum. Niðurstaða mín af þessari athugun er sú að a.m.k. fram til 1875 hafi ekki verið amast við notkun S3, enda þótt slík orðaröð væri býsna algeng frá upphafi bæði í íslenskum stílum og ritgerðum nemenda.

Fyrstu merki sem ég hef fundið um að litið sé á S3-orðaröð sem málvillu eru frá 1882 og árið 1890 er orðaröðin líka leiðrétt, eins og sjá má á myndum 3 og 4. Á báðum myndum sjást leiðréttingar Halldórs Kr. Friðrikssonar. Í þessu sambandi er rétt að nefna að Halldór Kr. er sagður hafa haft gríðarmikil áhrif og „brýndi svo rækilega fyrir nemendum að varast tiltekna málvillur að þær sáust vart í ritum


¹⁸ Í fyrsta lagi er um að ræða stílfærslu (sjá t.d. Maling 1980) sem Jakob Jóh. Smári (1920) telur einnig til S3:

(i) líka fyrir manninn, sem í **raun og veru hefur** unnið verkið (Jakob Jóh. Smári 1920:258)


(ii) sem **svo víða hefir** vel vandað (Sigurður Gunnarsson 1878:10)

Greiningin byggist sennilega á því að *sem* sé tilvísunarfornafn og gegni hlutverki frumlags í setningunni. Sigurður (1878:10) gengur lengra og gagnrýnir orðaröð þar sem atviksliðir fara á undan sögn óháð því hvort um auka- eða aðalsetningu er að ræða, sbr. og *maður svo hins vegar væri viss um; en aptur var vel kunnugur þeim og hann að maklegleikum á.*

þeirra sem hann hafði kennt“ (Kjartan G. Ottósson 1990:95). Kjartan bendir einnig á að kennsluferill Halldórs hafi spannað nær allan síðari helming 19. aldar.



Mynd 3. Leiðrétting á sögn í þriðja sæti í íslenskum stíl við árspróf í 3. bekk 1882: „meðan við ekki vissum hvernig honum líði.“



Mynd 4. Leiðrétting á sögn í þriðja sæti í íslenskri ritgerð við árspróf í 4. bekk 1890: „svo forhertir í syndum sínum, að þú ekki láti neitt þess háttar á sig fá.“

Samkvæmt þessum vitnisburði mætti fyrst eiga von á áhrifum at-hugasemda við S3-orðaröð undir lok aldarinnar, samfara vaxandi meðvitund um breytuna, þó að ekki sé hægt að útiloka að ritstjórar einstakra tímarita hafi tekið strax af skarið í kjölfar ritdóms Konráðs. Ef breytingin tengdist meðvitaðri ákvörðun ritstjóra eða yfirlesara mætti búast við að hlutfall S3 væri lægra en í sendibréfunum en sú er hins vegar ekki raunin, a.m.k. ekki ef á heildina er lítið. Frekari rannsóknar er þörf til þess að ákvarða nánar tímasetningu breytinga á málviðmiðum og áhrifum þeirra.

6 Lokaorð

Gagnstætt því sem áður hefur verið talið virðist S3 hafa náð töluverðri útbreiðslu meðal þorra landsmanna og ekki einskorðast við mál menntamanna. Þetta sést hvað skýrast á því að lítið er um „hreina“ S2-málhafa meðal bréfitara. Þó kom fram eðlismunur á notkun málbreytunnar í blöðum og tímaritum annars vegar og sendibréf-um hins vegar miðað við kjörumhverfi S2/S3 í skandinavísku megin-landsmálunum. Þetta er hliðstætt niðurstöðum Heycock & Wallen-

bergs (2013) og mætti túlka, eins og þau gera, á þann hátt að opinbert mál á fyrri hluta 19. aldar beri keim af dönsku málkerfi en það er forvitnilegt að í sendibréfum eru skilyrðin einmitt ólík þeim dönsku. Eðli þessa munar þarf að kanna nánar.

Dreifing raðanna í ólíku setningafræðilegu umhverfi sýndi að notkunin er talsvert frábrugðin kjörumhverfi S3 í nútímamáli. Meirihluti dæmanna teldust frávik ef miðað er við lýsingar á nútímamáli og því virðist ekki með sömu rökum vera hægt að líta á S3 sem jaðarfyrirbæri. Færð voru ný rök fyrir þeirri tilgátu að breytileiki milli S2 og S3 í (19. aldar) íslensku tengist e.t.v. sveigjanlegri stöðu neitunar. Þó að þetta mætti nota sem röksemd með þeirri umdeildu tilgátu að ríkulega sagnbeygt tungumál eins og íslenska gæti ekki þróað með sér ómarkaða S3-orðaröð er hátt hlutfall þessarar orðraðar í fjölbreyttu setningafræðilegu umhverfi á 19. öld mjög óvænt ef S3 væri „afbrigðileg“ orðaröð.

Ný rök voru færð fyrir því að meðvitund um málbreytuna hafi ekki verið til staðar fyrr en á síðasta fjórðungi 19. aldar, þrátt fyrir gagnrýni Fjölnismanna á S3 þegar á fimmta áratug aldarinnar. Þetta mælir gegn því að breytingar á tíðni S3 í útgefnum ritum þegar eftir miðja öldina tengist málstöðlun (eða málhreinsun). Þá er tíðni S3 í útgefnum ritum á þessu tímabili ekki lægri en í sendibréfunum. Leiðréttingar í verkefnum nemenda í Lærða skólanum í Reykjavík benda til þess að síðustu tvo áratugi aldarinnar sjáist fyrst merki um að farið sé að líta á S3 sem málvillu.

Frekari rannsókna er þörf til þess að kanna dreifinguna nánar í þeim textategundum sem hér hafa verið til umræðu, bæði hvað varðar félagsmálfræðileg og „málfræðileg“ skilyrði, ekki síður merkingafræðileg og pragmatísk en setningafræðileg. Einnig er margvíslegt á huldu um stöðu S3 í eldra máli, t.d. í forníslensku, sem þyrfti að kanna nánar.

Tilvísanir

- Anthony, Laurence. 2012. AntConc (útg. 3.2.2). Tokyo: Waseda University. [<http://www.antlab.sci.waseda.ac.jp>]
- Ásgrímur Angantýsson. 2001. Skandinavísk orðaröð í íslenskum aukasetningum. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 23:95–122.
- Ásgrímur Angantýsson. 2011. *The Syntax of Embedded Clauses in Icelandic and Related Languages*. Reykjavík: Hugvísindastofnun.
- Baldvin Einarsson. 1830. [Formáli]. *Armann á Alþingi eða almennur Fundur Íslendinga: Arsrit fyrir búiðhald og bændafólk á Íslandi* 2:iii–viii.

- Bragi Þorgrímur Ólafsson. 2004. *Landsins útvöldu synir: Ritgerðir skólapilta Lærða skólans í íslenskum stíl 1846–1904*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenn-
ingar 7. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Deumert, Ana. 2003. Bringing speakers back in? Epistemological reflections
on speaker-oriented explanations of language change. *Language Sciences*
25:15–76.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1998. Heimildatúlkun í sögulegri setningafræði. Í:
Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson & Örnólfur Thorsson (ritstj.),
Greinar af sama meiði, bls. 317–334. Reykjavík: Rannsóknastofnun Kenn-
araháskóla Íslands.
- Elsaß, Stephan. 2012. The Use of Private Letters and Diaries in Sociolin-
guistic Investigation. Í: Juan Manuel Hernández-Campoy & Juan Camilo
Conde-Silvestre (ritstj.), *The Handbook of Historical Sociolinguistics*, bls.
156–169. Blackwell Handbooks in Linguistics. Oxford: Wiley-Blackwell.
- Guðmundur Hálfðanarson. 2007. *Íslenska þjóðríkið: uppruni og endimörk.*
Íslensk menning. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag/Reykjavík-
Akademían. [2. prentun]
- Haraldur Bernharðsson & Jóhannes Gísli Jónsson. 2012. Íslenskt mál á
nítjándu öld — bréfasafn. Ópr. handrit.
- Heycock, Caroline & Joel Wallenberg. 2013. How variational acquisition drives
syntactic change: The loss of verb movement in Scandinavian. *Journal of*
Comparative Germanic Linguistics. [doi:10.1007/s10828-013-9056-0]
- Höskuldur Thráinsson [=Þráinsson]. 2010. Predictable and unpredictable
sources of variable verb and adverb placement in Scandinavian. *Lingua*
120: 1062–1088.
- Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson, Sig-
rún Steingrímsdóttir & Þórhallur Eyþórsson. 2013. Efnissöfnun og að-
ferðafræði. Í: Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar
Freyr Sigurðsson (ritstj.), *Tilbrigði í íslenskri setningagerð. I. Markmið, aðferð-
ir og efniviður*, bls. 19–68. Reyjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls
Árnasonar.
- Kjartan G. Ottósson. 1990. *Íslensk mállhreinsun: sögulegt yfirlit*. Rit Íslenskrar
málnefndar 6. Reykjavík: Íslensk málnefnd.
- Kjartan Ottosson [=Kjartan G. Ottósson]. 2003. Heimenorsk innverknad på
islandsk språk i mellomalderen, særleg i morfologien. Í: Kristján Árnason
(ritstj.), *Útnorður: West Nordic Standardisation and Variation*, bls. 111–152.
Papers from a Symposium in Stockholm October 7th 2001. Reykjavík:
Institute of Linguistics/University of Iceland Press.
- Konráð Gíslason. 1844. „Bókafregn“. *Fjöltnir: Árrit handa Íslendingum* 7:71–
104.
- Laycock, Donald C. & Peter Mühlhäusler. 1990. Language engineering:
special languages. Í: N. E. Collinge (ritstj.), *An encyclopaedia of language*,
bls. 843–875. London/New York: Routledge.

- Labov, William. 1972. *Sociolinguistic Patterns*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Labov, William. 2001. *Principles of Linguistic change. Volume II: Social Factors*. Oxford: Blackwell.
- Leerssen, Joep. 1999. *Nationaal denken in Europa: Een cultuurhistorische schets*. Amsterdam: Amsterdam University Press.
- Maling, Joan. 1980. Inversion in Embedded Clauses in Modern Icelandic. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 2:175–193.
- Mair, Christian. 2009. *Twentieth-Century English: History, Variation, and Standardization*. Studies in English Language. Cambridge: Cambridge University Press.
- Margrét Guðmundsdóttir. 2009. Málbreyingar í ljósi málkunnáttufræði. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 30:7–52.
- Poplack, Shana & Nathalie Dion. 2009. Prescription vs. praxis: the evolution of future temporal reference in French. *Language* 85.3:557–587.
- Rask, Erasmus Christian. 1818. *Anvisning till Isländskan eller Nordiska Fornspråket: Från Danskan öfversatt och omarbetad af Författeren*. Stockholm: A. Wiborgs förlag.
- Sigurður Gunnarsson. 1878. „Styrbjörn á Nesi“. *Ísafold* 5.3: 9–10.
- Sundquist, John D. 2003. The Rich Agreement Hypothesis and Early Modern Danish embedded-clause word order. *Nordic Journal of Linguistics* 26.2: 233–258.
- Thomason, Sarah G. 2001. *Language Contact*. Washington, D.C.: Georgetown University Press.
- Wallenberg, Joel, Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson & Eiríkur Rögnvaldsson. 2011. *Icelandic Parsed Historical Corpus*. http://www.linguist.is/icelandic_treebank. [Útgáfa 0.9]
- Þórhallur Eyþórsson. 1997–1998. Uppruni sagnfærslu í germönskum málum. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 19–20:133–180.

Viðauki

1800–1850			
Minnisverð tíðindi	77,8% (21/27)	Ármann á Alþingi	40,7% (50/123)
Reykjavíkurbósturinn	56% (56/100)	Sunnanpósturinn	32,5% (13/40)
Búnaðarrit suður- amtsins	46,3% (31/67)	Margvíslegt gaman og alvara	15,2% (7/46)
1875			
Íslendingur	32,5% (13/40)	Norðlingur	6,3% (3/48)
Þjóðólfur	23,8% (5/21)	Ísafold	5,9% (2/34)
Norðanfari	10,9% (5/46)		
1900			
Reykvíkingur	35% (7/20)	Fjallkonan	4,8% (2/42)
Reykjavík	25% (1/4)	Ísafold	3,2% (2/63)
Austri	23,9% (11/46)	Þjóðólfur	1,9% (1/53)
Stefnir	22,7% (10/44)	Kvennablaðið	0% (0/20)
Þjóðviljinn	9,3% (4/43)	Bjarki	0% (0/22)
Framsókn	8,8% (3/34)		

Tafla 7. Hlutfall S3 af heildardæmafjölda innan hvers blaðs/tímarits.

Lykilorð

málstöðlun, sagnfærsla, orðaröð, tilbrigði, málbreytingar

Keywords

standardization, verb movement, word order, variation, language change

Abstract

The position of the finite verb with regard to e.g. negation, so-called verb movement, has figured prominently in the literature over the past decades. It has been argued that a morphologically rich language such as Icelandic requires verb movement (V2) and that the verb follows negation (V3) only as an exception. However, linguists have pointed out that during the period 1600–1850, such exceptions were more common than today and that the language of certain texts bear a resemblance to the language of a Danish speaker (Heycock & Wallenberg 2013).

A new study of two 19th-century corpora, newspapers/periodicals and private letters of people with various social backgrounds, supports this result in the public texts. However, V3 is more frequent in private letters than expected if characteristic of Danish influence on learned individuals, as often thought. After 1850 the frequen-

cy of V3 in newspapers/periodicals drops from around 45% to 10–15%, whereas in private letters V3 is stable around 10%. The question is posed whether the change is due to standardisation but it seems that the drop in frequency precedes efforts to oust V3, e.g. in Lærði skólinn college in Reykjavík. This casts doubt on such a hypothesis but more research is needed.

Heimir Freyr van der Feest Viðarsson

Háskóla Íslands / Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Neshaga 16, 107 Reykjavík

hfv3@hi.is